Bæjarskrifst. Garðabæjar
Mótt.dags. 19.08.2015
Málalykill 04.0
Mál nr. 1508236

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ
Sölvhólsgötu 4 · 150 Reykjavík
sími: 545 9500 · bréfsími: 562 3068
postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Flataskóli
skólastjóri
v/Vífilstaðaveg
210 GARÐABÆ

Reykjavík 15. ágúst 2015
Tilv.: MMR15010521/6.14.2-

Efni: Eftirfylgni með könnun á innleiðingu laga

Í október 2014 fól mennta- og menningarmálaráðuneytið Attentus að gera könnun meðal skólastjóra grunnskóla um innleiðingu laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Var í könnuninni meðal annars spurt hvort skólinn birti á vef sínum upplýsingar um skólanámskrá, starfsáætlun, áætlun um innra mat, niðurstöður innra mats og áætlun um umbætur í kjölfar innra mats. Samkvæmt gögnum könnunarinnar birtir Flataskóli ekki allar eða einhverjar af þessum upplýsingum.

Ráðuneytið bendir á skyldur skóla til að birta þessar upplýsingar opinberlega samkvæmt lögum um grunnskóla, aðalnámskrá grunnskóla og reglugerð um mat og eftirlit í grunnskólum og upplýsingaskyldu sveitarstjórna um skólahald nr. 658/2009 og væntir þess að skólastjórnendur sjái til þess að þessar upplýsingar verði birtar á vef skólans eða með öðrum opinberum hætti.

Þá er einnig minnt á eftirlitsskyldu skólanefnda sveitarfélaga í þessum efnum.

Fyrir hönd ráðherra

Sigr. Lára Ásbergsd.
Sigríður Lára Ásbergsdóttir

Ásta María Reynisdóttir

Ljósrit: Bæjarstjóri og skólanefnd Garðabæjar

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026